

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2020

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012 644. mál

(Lagt fyrir Alþingi á 149. löggjafarþingi 2019-2020)

Blaðamannafélag Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins og sér ekki að það séu neinar knýjandi ástæður fyrir samþykkt þess og sérkennilegt að forsætisráðuneytið skuli eiga frumkvæði að þessum tillöguflutningi í ljósi þess að allsherjarnefnd hefur þegar fjallað um athugasemdir Samtaka atvinnulífsins og metið þær léttvægar. Þar til viðbótar ganga þessar breytingar á upplýsingalögum þvert gegn því efni ríkisstjórnarsáttmálans að leggja áherslu á traust og “auka gagnsæi í atvinnulífi og allri stjórnsýslu til að efla traust almennings á rekstri fyrirtækja, fjármálalífi, stjórnámálum og stofnunum samfélagsins.”

Í greinargerð með frumvarpinu er ekki að finna rök fyrir þörf á þeim breytingum sem lagðar eru til og raunar kemur skýrt fram í umsögn Borgarskjalasafns að við þessar breytingar þyngist framkvæmd upplýsingalaga, sem nógu er nú þunglamaleg fyrir. Á það er bent að samkvæmt gildandi lögum geti stjórnvöld skorað á þann sem upplýsingar varðar að hann upplýsi hvort hann telji efni þeirra með þeim hætti að þær skuli fara leynt. Því sé ekki nauðsynlegt að mæla fyrir um **skyldu stjórnvalda í þessu efni!** (Leturbreyting mín)

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál telur í umsögn sinni, eins og rakið er í greinargerðinni, að breytingar myndu leiða til verulegra tafa á meðferð gagnabeiðna, en eins og kunngt er hefur ein helsta gagnrýni á úrskurðarnefndina verið langur afgreiðslutími. Að mati nefndarinnar sé skylda til öflunar afstöðu þriðja aðila atviksbundin og leiði af eðli máls hverju sinni.

Það verður því ekki betur séð en að ágætlega sé séð fyrir réttindum þriðja aðila í gildandi lögum og þar af leiðandi óþarft að gera breytingar í þessa veruna. Verði frumvafið að lögum mun það tvímælaust verða til þess að draga úr gagnsæi í íslensku samfélagi og torvelda fjölmiðlum að sinna aðhaldshlutverki sínu. Miklir fjárhagslegir hagsmunir eru oft undir og því er mikilvægt að hægt sé að fjalla um þá með opinskáum hætti til að koma í veg fyrir mögulega spillingu. Eins og úrskurðarnefndin bendir á þá má þriðji aðili vænta þess að upplýsingar um hann yrðu gerðar opinberar þegar þær varða kaup á vörum eða þjónustu.

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



Það er sérkennilegt, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, þegar embættismannakerfið á frumkvæði að lagabreytingum, sem þegar hafa verið til umfjöllunar í söllum Alþingis. Þegar svo er ber undir verða að liggja til þess knýjandi ástæður, eins og leiðrétting á handvömm í lagasetningum eða að réttindi borgarana í landinu séu augljóslega fyrir borð borin. Svo er alls ekki í þessu tilviki. Embættismannakerfið lýtur ekki því lýðræðislega aðhaldi sem stjórnámálemenn búa við, enda er það hlutverk þeirra síðarnefndu að móta stefnuna í landsmálum og axla ábyrgð á því í kosningum.

Sé þess óskað er fulltrúi félagsins auðvitað tilbúinn til að koma fyrir nefndina og gera betur gein fyrir sjónarmiðum félagsins.

Virðingarfyllst,
f.h. BÍ

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ



Borgarskjalasafn
Reykjavíkur

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Alþingi Íslands
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012
með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila)**

Borgarskjalasafn Reykjavíkur fagnar því að stjórnvöld leggi áherslu á upplýsingarétt almennings enda er rétturinn grundvallarþáttur í vandaðri opinberri stjórnsýslu. Safnið vill hins vegar koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við fyrirhugaðar breytingar á upplýsingalögum nr. 140/2012 sem kynntar tölvubréfi nefndarsviðs Alþingis 7. apríl sl.

Líkt og segir í athugasemdum með frumvarpi því er varð að nógildandi upplýsingalögum er mikilvægt að huga að jafnvægi milli þriggja þátta. *Í fyrsta lagi* að lög tryggi opna og gegnsæja opinbera stjórnsýslu. *Í öðru lagi* að lög tryggi að viðkvæmar upplýsingar verði ekki gerðar opinberar og, *í þriðja lagi*, að framkvæmd upplýsingaréttarins sé skilvirk og ekki íþyngjandi eða of kostnaðarsöm fyrir stjórnvöld.

Skyldan til þess að leita afstöðu þriðja manns

Verði stjórnvöldum skylt að leita afstöðu þriðja aðila í öllum málum er ljóst að framkvæmd upplýsingalaga muni þyngjast, einkum hjá þeim stjórnvöldum sem afgreiða mikið af upplýsingabeidnum líkt og opinber skjalasöfn gera. Mikilvægt er að upplýsingaréttur almennings sé einfaldur og virkur í framkvæmd. Því þarf að fara varlega í breytingar sem íþyngja stjórnvöldum við framkvæmd hans.

Ákvæði 2. mgr. 17. gr. nógildandi upplýsingalaga geymir heimild handa stjórnvöldum til að skora á þann sem upplýsingar varða að upplýsa hvort hann telji efni þeirra með þeim hætti að

þær eigi að fara leynt. Slík álitsemi er þáttur í rannsóknarreglu stjórnsýslulaga, líkt og kveðið er á um í greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga, og því jafnframt vandaðri opinberri stjórnsýslu. Í ljósi rannsóknarreglunnar kann stjórnvöldum því að vera skylt að leita eftir álitum þess sem upplýsingar varða til þess að upplýsa mál. Ekki verður þó séð að nauðsynlegt sé að gera slíkt að skyldu í öllum tilvikum.

Verði breytingartillögurnar að lögum verður mat á því hvort upplýsingar skuli veittar ennþá hjá því stjórnvaldi sem hefur upplýsingabæði til afgreiðslu. Jafnvel þótt þriðji maður kunnir að vera í aðstöðu til að meta og rökstyðja hvort upplýsingar eigi að fara leynt ræðst ákvörðun um hvort gögn skuli afhent af efnisákvæðum upplýsingalaga, ekki afstöðu þriðja manns. Í ljósi þess að stjórnvöldum kann að vera rétt og skylt að óska eftir afstöðu þriðja manns á grundvelli núgildandi 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga er því lítill ávinningur af fyrirhuguðum breytingum, einkum þegar tekið er tillit til þess hve íþyngjandi þær kunna að verða stjórnvöldum.

Sé það mat löggjafans að ákvæði 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga hafi ekki náð markmiðum sínum kunna aðrar leiðir að vera færar en þær tillögur sem nú eru til skoðunar, svo sem leiðbeiningar til stjórnvalda eða skýrari útfærsla 2. mgr. 17. gr., án þess þó að stjórnvöldum verði skylt að leita umsagnar þriðja aðila í öllum málum.

Trúnaðar gagnvart fyrirspyrjanda

Stjórnvöld kunna að vera bundin trúnaði gagnvart fyrirspyrjanda. Sem dæmi geymir Borgarskjalasafn Reykjavíkur mikið af gögnum frá barnaverndaryfirvöldum Reykjavíkur og afgreiðir úr þeim upplýsingar. Þegar afgreiddar eru upplýsingar úr slíkum gögnum eru trúnaðarupplýsingar um aðra en fyrirspyrjanda afmáðar. Í slíkum málum hefur fyrirspyrjandi oft ríka hagsmuni af því að aðrir fái ekki vitneskju um að hann hafi óskað eftir upplýsingum, þar á meðal þriðji aðili. Því er mikilvægt að áður en fyrirhugaðar breytingar á upplýsingalögum verða lögfestar sé tekið tillit til sjónarmiða um trúnað gagnvart fyrirspyrjendum.

Sjónarmið um opinber skjalasöfn

Upplýsingalögin mynda, ásamt lögum nr. 77/1014 um opinber skjalasöfn, heildstætt kerfi um aðgang almennings að upplýsingum stjórnvalda. Þannig gilda upplýsingalög um upplýsingarétt almennings fyrstu 30 árin eftir að skjal verður til en eftir það fer um upplýsingaréttinn eftir lögum um opinber skjalasöfn.

Í tillögum þeim sem hér eru til umfjöllunar virðist ekki gert ráð fyrir öðru en að sömu reglur gildi um gögn sem náð hafa 30 ára aldri og falla því undir lög um opinber skjalasöfn. Þegar gögn hafa náð 30 ára aldri eru hagsmunir þriðja aðila af því að efni þeirra sé gert opinbert oftast ekki jafn brýnir. Á móti er mikilvægt að opinber skjalasöfn, sem afgreiða mikið af upplýsingabeidnum, geti afgreitt slíkar beiðnir á fljótan og skilvirkan hátt. Einnig er ljóst að erfitt getur reynst að hafa upp á þriðja aðila þegar áratugir eru frá því gögn urðu til.

Verði breytingarnar að lögum leggur Borgarskjalasafn Reykjavíkur til að gerð verði undantekning varðandi gögn og upplýsingar sem falla undir lög um opinber skjalasöfn, og afhent hafa verið opinberum skjalasöfnum, þannig að stjórnvöldum verði ekki skylt að leita afstöðu þriðja manns þegar óskað er eftir aðgangi að þeim. Það er mat safnsins að í slíkum tilvikum veiti 2. mgr. 17. gr. núgildandi upplýsingalaga hagsmunum þriðja aðila fullnægjandi vernd.

Tíðkast hefur að opinberum skjalasöfnum séu afhent gögn sem ekki hafa náð 30 ára aldri og í reynd geyma opinber skjalasöfn mikið af slíkum gögnum. Um afgreiðslu upplýsinga þeim fer eftir ákvæðum upplýsingalaga og því ljóst að fyrirhugaðar breytingar munu íþyngja opinberum skjalasöfnum, sem afgreiða mikið af upplýsingabeidnum, jafnvel þótt gerð verði undantekning varðandi þau gögn sem náð hafa 30 ára aldri.

Tímafrestur

Verði stjórnvöldum skylt að leita eftir afstöðu þriðja aðila í öllum málum er óhjákvæmilegt að meðferð upplýsingabeidna muni taka lengri tíma en áður, enda þarf að kalla eftir og biða eftir umsögn þriðja aðila. Því er ljóst að sá tímafrestur sem upplýsingalög gera ráð fyrir, 7 dagar sbr. 2. málslíð 1. mgr. 17. gr., er óraunhæfur verði fyrirhugaðar breytingar að lögum.

Virðingarfyllst,



Svanhildur Bogadóttir

borgarskjalavörður

Umsögn Félags fréttamanna um 644. mál: Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum

Félag fréttamanna leggst eindregið gegn frumvarpinu. Það er alkunna að afgreiðsla umbeðinna gagna tekur almennt langan tíma, og oftast lengri tíma en upplýsingalög kveða á um samkvæmt 17. grein. Ef það verður skylda að leita eftir afstöðu aðila sem gögnin varða er hætt við að afgreiðslutíminn lengist enn frekar. Nú þegar er heimild til þess í upplýsingalögum, og því engin ástæða til að gera það að skyldu. Í umsögn Borgarskjalasafnsins í samráðsgátt, dags. 31. júlí 2019, kemur sama afstaða fram; þ.e. að verði stjórnvöldum gert skylt að leita eftir afstöðu þriðja aðila við afgreiðslu upplýsingabeidna geti það leitt til þess að framkvæmd upplýsingalaga þyngist. Ekki sé nauðsynlegt að mæla fyrir um skyldu stjórnvalda í þessu efni þar sem heimildin er nú þegar til staðar.

Tekið er fram í greinagerð með frumvarpinu að í sáttmála ríkisstjórnarinnar sé lögð áhersla á traust og gagnsæi. Félag fréttamanna telur frumvarpið fremur stuðla að minna gagnsæi, þar sem framkvæmdin verður þyngri í vöfum. Þannig gengur frumvarpið gegn markmiðum upplýsingalaga, sem er samkvæmt 1. grein meðal annars að styrkja aðhald fjölmiðla og almennings að [opinberum aðilum], og styrkja möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni. Það hefur sýnt sig að málshraði getur haft veruleg áhrif á möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum, eins og sást til dæmis þegar sett var lögbann á umfjöllun Stundarinnar úr Glitnisskjölunum í aðdraganda kosninga 2017. Samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, benti á að lögbannið græfi undan frelsi fjölmiðla og réttindum almennings til upplýsinga. Tæpu ári síðar kom í ljós að lögbannið var ólöglegt.

Það veldur vissum áhyggjum að þetta er annað lagafrumvarpið á skömmum tíma þar ríkisstjórn leggur til hertar aðgerðir til að bregðast við ímynduðum vanda. Um leið er gengið lengra en þörf krefur í lagasetningu. Hér er núverandi heimild til að skora á þriðja aðila gerð að skyldu. Þetta er sambærilegt við frumvarp þáverandi dómsmálaráðherra um bann við samtímafrásögn úr réttarhöldum sem Alþingi samþykkti sem lög á síðasta ári. Fyrir var í lögum heimild dómara til að setja fréttabann um lengri eða skemmri tíma um það sem fram kom í réttarhöldum, hvort sem er í heild eða að hluta. Þetta ákvæði höfðu dómarar nýtt og þar með sýnt að ákvæðið var virkt í huga þeirra. Ákvæðið hafði meira að segja verið nýtt í auknum mæli síðustu misseri þótt það væri enn afar sjaldgæft að dómarar teldu þörf á að beita því. Alþingi þótti hins vegar ekki nóg að gert og gerði slíkt bann við samtímafrásögn að meginreglu. Þótt heimild væri til undanþágu frá slíku banni hefur slík heimild ekki fengist þegar eftir því hefur verið leitað.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu er kveikjan að því athugasemdir Samtaka atvinnulífsins við fyrri lagasmíð um rétt almennings til upplýsinga frá ríkinu. Það gefur tilefni til að skoða umsögn þeirra við frumvarpið. Öll efnisatriði umsagnarinnar ganga í sömu átt; að gera almenningi erfiðara fyrir að afla sér upplýsinga, hvort sem er með auknum kröfum um upplýsingabeidnir, lengingu afgreiðslutíma, auknum möguleikum til að koma í veg fyrir afhendingu gagna eða gjaldtöku til að letja fólk frá því að afla sér upplýsinga. Allar athugasemdir þeirra samtaka sem báðu um þetta frumvarp ganga gegn yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar um gagnsæi. Það ætti að gefa stjórnvöldum tilefni til að endurskoða þörfina að baki þessu frumvarpi og hugsunina sem býr þar að baki.

Þá gerir félagið formlega athugasemd við að hafa verið undanskilið þegar leitað var eftir umsögnum um frumvarpið.

Fyrir hönd Félags fréttamanna,
Alma Ómarsdóttir
Formaður Félags fréttamanna

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum (réttarstaða þriðja aðila)

Vísað er til erindis stjórnskipunar – og eftirlitsnefndar Alþingis varðandi umsögn við frumvarp til laga um upplýsingalög (réttarstaða þriðja aðila) þann 7. apríl 2020 (hér eftir „frumvarpið“).

Isavia ohf. („félagið“) vísar til fyrri umsagnar félagsins við frumvarpið inni á samráðsgáttinni þann 31. júlí 2019 og 5. mars 2020. Félagið telur breytingarnar vera jákvætt skref fyrir réttindi þriðja aðila í upplýsingamálum og að þær styrki meðferð upplýsingamála. Félagið vill ítreka umfjöllun sína um vægi afstöðu þriðja aðila og í hvaða tilfellum óska þurfi eftir afstöðu þriðja aðila.

Í 3. kafla; meginefni frumvarpsins, kemur fram varðandi 1. gr. frumvarpsins að „[sú] breyting sem lögð er til í frumvarpinu er fyrst og fremst að áréttta skyldu opinberra aðila til að leita eftir afstöðu þriðja aðila hafi þeir í hyggju að byggja synjun um aðgang að gögnum á 9. gr. eða 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga [...]“. Félagið telur að fullyrðingin samræmist ekki tilefni til umleitunar á afstöðu þriðja aðila eins og fram kemur í kafla 2.2. frumvarpsins. Þannig ætti skyldan ekki einungis að koma til ef upplýsingaskyldur aðili hafi í hyggju að byggja ákvörðun um synjun á aðgangi að gögnum á 9. gr. eða 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga heldur einfaldlega ef hann telur að gögnin kunni að varða virka hagsmuni þriðja aðila. Þriðji aðili gæti aðstoðað við að varpa ljósi á hvort sanngjarnt og eðlilegt er að upplýsingarnar skuli leynt fara. Afstaða upplýsingaskylds aðila þarf þannig ekki að vera komin á það stig að hann hafi í hyggju að synja um aðgang. Telja má að þriðji aðili er í betri stöðu heldur en upplýsingaskyldur aðili að varpa ljósi á það hvort umbeðnar upplýsingar varði mikilvæga og virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sína. Fær þessi afstaða félagsins stoð í kafla 2.2. frumvarpsins þar sem fram kemur að þáttur í að upplýsa mál kunni að felast í því „[...] að afla afstöðu þess sem upplýsingarnar varða til þess hvort hann telji eitthvað standa í vegi fyrir því að aðgangur verði veittur að þeim“. Félagið telur því eðlismun á hvort upplýsingaskyldur aðili hafi í hyggju að synja um aðgang og hvort kallað er eftir afstöðu þriðja aðila um hvort hann telji eitthvað standa í vegi fyrir aðgengi að upplýsingum. Í samræmi við ofangreinda umfjöllun vill félagið leggja áherslu á það sem fram hefur komið í fyrri umsögn félagsins um að afstaða þriðja aðila sé gefið frekara vægi í upplýsingalögunum þar sem þeir eru betur í stakk búnir til að færa rök fyrir hagsmunum sínum.

Virðingarfyllst,
F.h. Isavia ohf.



Kolbrún Sara Másdóttir
Lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
vt. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál

Vísað er til tölvuskeytis skjalaritara skrifstofu Alþingis, dags. 7. apríl 2020, þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um upplýsingalög, sbr. þingskjal 1095 - 644. mál. Þess er óskað að umsögnin berist nefndasviði Alþingis eigi síðar en 5. maí 2020.

Í umræddu frumvarpi er að finna tillögu að fjórum efnislegum breytingum á ákvæðum upplýsingalaga sem sé ætlað að bæta og skýra réttarstöðu þriðja aðila þegar umbeðnar upplýsingar varða eða kunna að varða mikilvæga og virka einkahagsmuni þeirra.

Hér á eftir fylgir umsögn Reykjavíkurborgar um ákvæði 1. gr. frumvarpsins, en af hálfu Reykjavíkurborgar er ekki talið tilefni til að gera sérstakar athugasemdir við önnur ákvæði í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að 1. másl. 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 orðist svo: *Þegar umbeðin gögn varða eða geta varðað mikilvæga og virka einkahagsmuni annars aðila en beiðanda er þeim sem hefur beiðni til afgreiðslu skylt að skora á hann að upplýsa hvort hann telji að þau eigi að fara leynt nema það sé augljóslega óþarft.*

Í gildandi ákvæði 1. másl. 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er á hinn bóginn mælt fyrir um að stjórnvöldum sé *heimilt* að skora á þann sem upplýsingar varða að upplýsa um hvort hann telji þær eiga að fara leynt. Breytingin miðar þannig að því að gera þeim sem beðinn er um upplýsingar skylt að afla afstöðu þriðja aðila til beiðninnar, nema það teljist vera bersýnilega óþarft, í stað þess að honum sé heimilt að gera það.

Í athugasemdum við 1. gr. í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um það að af ýmsum ástæðum geti þessi skylda ekki verið fortakslaus. Því sé lagt til að hún falli niður ef það er „*augljóslega óþarft*“ að afla álits þriðja aðila. Í því sambandi komi til álita tilvik þar sem afstaða þriðja aðila getur að mati þess sem hefur beiðni til afgreiðslu ekki haft áhrif á efni ákvörðunar um rétt beiðanda til aðgangs. Ekki er gert ráð fyrir neinum öðrum undantekningum frá skyldu til að afla afstöðu þriðja aðila.

Reykjavíkurborg telur að skyldan til að afla afstöðu þriðja aðila, eins og hún er orðuð í frumvarpinu, kunni að vera of afdráttarlaus. Þannig kunni í ákveðnum tilvikum að vera miklum erfiðleikum bundið og jafnvel ómögulegt að afla afstöðu þriðja aðila án þess þó að slíkt verði talið vera augljóslega óþarft. Í dæmaskyni má nefna að upp kunna að koma tilvik þar sem þriðji aðili á heimili eða dvalarstað erlendis eða ókunnugt er um dvalarstað,

starfsstöð eða heimili þriðja aðila. Vegna þessa telur Reykjavíkurborg að það kunni að vera tilefni til að endurskoða orðalag ákvæðisins þannig að það mæli fyrir um að skylda til að afla afstöðu þriðja aðila verði ekki jafn afdráttarlaus og núverandi orðalag þess mælir fyrir um. Slíkt mætti t.a.m. gera með smávægilegri viðbót við ákvæðið sem myndi þá orðast svo: *Þegar umbeðin gögn varða eða geta varðað mikilvæga og virka einkahagsmuni annars aðila en beiðanda er þeim sem hefur beiðni til afgreiðslu skylt að skora á hann að upplýsa hvort hann telji að þau eigi að fara leynt nema það sé augljóslega óþarft eða sérstökum vandkvæðum bundið.*

Reykjavíkurborg telur enn fremur að verði núverandi heimildarákvæði til að afla afstöðu þriðja aðila breytt í nokkuð fortakslausa skyldu til að gera það, þá geti það leitt til þess að afgreiðsla upplýsingabeiðna verði þyngri í meðförum. Slík skylda geti leitt af sér aukna vinnu sem hafi í för með sér að afgreiðslutími upplýsingabeiðna kunni að lengjast.

Að lokum er á það bent að gildandi tilhögun hefur, að mati Reykjavíkurborgar, gefist ágætlega. Reykjavíkurborg nýtir sér að jafnaði heimild ákvæðis 1. másl. 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga til að afla afstöðu þriðja aðila við afgreiðslu upplýsingabeiðna þegar ástæða hefur verið til og unnt hefur verið að afla slíkrar afstöðu án verulegra vandkvæða. Líkt og rakið er í frumvarpinu eru þegar ákveðnir hvatar fyrir afgreiðsluaðila til að nýta sér umrædda heimild enda geti það að afla afstöðu þriðja aðila m.a. einfaldað afgreiðslu mála, s.s. í tilvikum þar sem þriðji aðili veitir samþykki sitt fyrir afhendingu gagna. Enn fremur er slík málsmeðferð, þegar tilefni er til, betur til þess fallin að tryggja að rannsóknarskylda verði uppfyllt samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga. Að teknu tilliti til þessa má ætla að réttarstaða þriðja aðila sé þegar ágætlega varin samkvæmt gildandi fyrirkomulagi og að áhrif af þeirri breytingu að gera heimildarákvæði 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga að skyldu kunni að vera takmörkuð.

Með vísan til framangreinds telur Reykjavíkurborg að ákvæði sem kveður á um skyldu til að afla afstöðu þriðja aðila, með þeim hætti sem 1. gr. frumvarpsins mælir fyrir um, kunni að vera óþarflega íþyngjandi og eftir atvikum örðugt að uppfylla og til þess fallið að lengja afgreiðslutíma beiðna. Því leggur Reykjavíkurborg til að í stað þess að ákvæðið kveði á um nánast fortakslausa skyldu í þessum efnum, þá verði skyldan, þegar hún á við, bundin við þau tilvik þegar slíkri álitsöflun verður komið við án verulegra hindrana.

F.h. Reykjavíkurborgar,

Ebba Schram

borgarlögmaður



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2020
2005003SA BG
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila) – 644. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 7. apríl sl., um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila).

Samkvæmt upplýsingalögum hefur almenningur ríkan rétt á aðgangi að upplýsingum er til staðar eru hjá opinberum aðilum en óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þegar óskað er eftir aðgang að gögnum er snerta þriðja aðila, þ.e.a.s. annan en þann er óskar eftir gögnunum, þarf því að fara fram hagsmunamat þar sem meðal annars þarf að veita og meta hagsmuni þriðja aðila af leynd og bera þá saman við hagsmuni þess sem óskar eftir aðgangi að gögnum. Með frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á upplýsingalögum til að styrkja stöðu þriðja aðila þegar kemur að beiðni um aðgang að upplýsingum er snerta hann. Í fyrsta lagi er lögð skylda á opinbera aðila að afla álits þriðja aðila áður en ákvörðun um aðgang að gögnum er veittur, í öðru lagi er kveðið á um skyldu úrskurðarnefndar upplýsingamála til að senda þriðja aðila afrit af úrskurði og í þriðja lagi er tryggður réttur þriðja aðila til að krefjast frestunar réttaráhrifa.

Telja verður að ofangreindar breytingar styrki stöðu þriðja aðila en geti þó leitt til þess að ákvörðun um aðgang að gögnum taki lengri tíma. Má búast við því að oftast komi fyrir að ekki er hægt sé hægt að taka ákvörðun innan 7 daga líkt og 1. mgr. 17. gr. upplýsingalaga kveður á um og fleiri mál muni því vera afgreidd innan 30 daga sbr. 3. mgr. 17. gr. Telja verður að slíkt sé þó ásættanlegt svo hægt sé að tryggja réttindi þriðja aðila.

Athygli vekur að í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um skipun opinberra framkvæmda, nr. 84/2001, með síðari breytingum. Sú breyting felur í sér að vinnugögn í vörslum Framkvæmdasýslu ríkisins og opinbers aðila sem stofnunin á í samskiptum við í tengslum við verkefni sín skv. 1. mgr. teljast áfram vinnugögn í skilningi upplýsingalaga þó að þau berist þeirra á milli. Í greinargerðinni kemur þó ekki skýrt fram hvers vegna umrædd gögn eigi að teljast vinnugögn heldur er eingöngu vísað til þess að Framkvæmdasýslan sinni mikilvægu hlutverki við undirbúning opinberra framkvæmda og taki virkan þátt í mótun þeirra allt frá

hugmyndastigi og því sé lagt til að gögn haldi stöðu sinni sem vinnugögn þegar þau berast milli stofnunarinnar og opinberra aðila er hún liðsinnir.

Framkvæmdasýsla ríkisins þjónar ekki sveitarfélögum. Leita þau því yfirleitt til ráðgjafa á markaði þegar kemur að því að vinna sambærileg verkefni og ráðgjöf og Framkvæmdasýslan sinnir fyrir opinbera aðila á vegum ríkisins. Verði það niðurstaða löggjafans að gögn er fara á milli Framkvæmdasýslunnar og opinberra aðila er þeir aðstoða eigi að teljast vinnugögn þá má ætla að sama nauðsyn eigi við varðandi gögn er berast milli ráðgjafa sveitarfélaga og sveitarfélagsins. En í ljósi þess hve greinargerðin er rýr varðandi nauðsyn þessarar lagabreytingar var erfitt að meta nauðsyn sambærilegs ákvæðis fyrir sveitarfélög og þá hvort og hvernig ætti að útfæra slíkt ákvæði. Sambandið hvetur því til þess að nefndin skoði þetta atriði í vinnu sinni og hvort sambærilegt ákvæði ætti að vera til staðar fyrir sveitarfélög þegar um sambærileg vinnugögn er að ræða.

Lokaorð

Almennt telur sambandið jákvætt að styrkja stöðu þriðja aðila en hvetur til umræðu um 5. gr. og eru starfsmenn sambandsins tilbúnir til að mæta á fund nefndarinnar og fylgja eftir umsögninni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila o.fl.), 644. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 7. apríl 2020 þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint mál. Að mati SA er nauðsynlegt að bæta réttarstöðu einkaaðila í málsmeðferð upplýsingabeidna. Með fyrirbyggjandi frumvarpi er það gert að einhverju leyti. SA fagna fyrirhuguðum breytingum en leggja til að ráðist verði í frekari breytingar á lögnum.

1. Mat á því hvort afhenda eigi upplýsingar

Samkvæmt 2. tölul. 4. mgr. 15. gr. upplýsingalaga má í undantekningartilvikum hafna beiðni um upplýsingar ef sterkar vísbendingar eru um að beiðni sé sett fram í ólögumætum tilgangi. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga er lítið fjallað um hvaða tilvik umræddur tölulíður eigi að ná til, sbr. eftirfarandi: „*Til að síðari heimildinni verði beitt verða almennt að liggja fyrir haldbærar upplýsingar um að sá sem óskar aðgangs að upplýsingum leggi fram beiðni gagnert til þess að hafa framangreind áhrif á starfsemi þeirra aðila sem lögin taka til eða muni nota þær með ólögumætum hætti.*“

Lítið sem ekkert virðist hafa reynt á þessa undanþágu í framkvæmd og því erfitt að vita hvenær og hvernig byggja eigi á henni. Nauðsynlegt er að skýra eða útfæra þessa undanþágu nánar svo að ákvæðið nái örugglega til þeirra tilvika sem því er ætlað að taka til. Í því samhengi er bent á að þegar ekki þarf að tilgreina tilgang upplýsingabeidni, líkt og nú gildir, verður beiting ákvæðisins ávallt erfið. Því væri rétt að gera skylt að tilgangur sé tilgreindur í upplýsingabeidni. Þá væri kominn grundvöllur til að meta hvort upplýsingarnar muni verða notaðar með ólögumætum hætti.

Lagt er til að eftirfarandi málslið verði bætt við 1. mgr. 15. gr. upplýsingalaga: „**Þá skal í upplýsingabeidni tiltaka tilgang beiðninnar.**“

2. Tími sem stjórnvald hefur til að afgreiða beiðni

Að mati SA eru þær breytingar sem lagðar eru til á 2. mgr. 17. gr. laganna jákvæðar. Hins vegar er sá frestur sem getið er um í 2. máls. 2. mgr. 17. gr. mjög stuttur og virðist í framkvæmd sjaldnast standast. Betra væri að kveða á um raunhæfan tímafrest í lögum, svo sem 14 daga. Lengri frestur væri einnig til þess fallinn að skapa svigrúm til þess að rannsaka mál með fullnægjandi hætti þegar um flóknari mál er að ræða. Þó að slíkt svigrúm sé til staðar gildir enn sú regla að beiðni skuli afgreidd eins fljótt og verða má. Því er lagt til að í stað „sjö“ í 2. másl. 1. mgr. 17. gr. komi „14“.

3. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. upplýsingalaga

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. upplýsingalaga er heimilt að bera synjun á beiðni um aðgang að gögnum samkvæmt lögnum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn.

Þar sem synjun á beiðni er eingöngu kæránleg er ljóst að ef einkaaðili er ósammála mati stjórnvalds um að afhenda eigi upplýsingar standa honum engin úrræði til boða til að fá þá ákvörðun endurskoðaða. Því er lagt til að kærueheimild verði víkkuð út þannig að einkaaðili sem upplýsingar varða geti einnig kært til úrskurðarnefndar um upplýsingamál niðurstöðu stjórnvalds um að afhenda eigi

gögn sem varða viðkomandi einkaaðila. Ljóst má vera að einkaaðili hefur hagsmuni af niðurstöðu um afhendingu gagna og geta þeir í einhverjum tilvikum verið verulegir.

4. Heimild til gjaldtöku

Hið opinbera hefur margvíslegar lagaheimildir til gjaldtöku, ýmist í formi skatta eða þjónustugjalda. Þjónustugjald er greiðsla sem þarf að greiða hinu opinbera og er ætlað að standa undir kostnaði við sérgreinda þjónustu sem látin er í té.

Í 3. mgr. 18. gr. upplýsingalaga segir að ráðherra ákveði með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem afhent eru samkvæmt lögunum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efniskostnaði, og kostnaði vegna vinnu starfsmanna og búnaðar. Slík gjaldskrá hefur ekki verið sett. Sambærilegt lagaákvæði er í 3. mgr. 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og gildir gjaldskrá nr. 307/2009 um aðgang aðila máls að skjölum og öðrum gögnum.

Að mati SA er mikilvægt að kveðið verði á um gjaldtöku vegna aðgangs að upplýsingum skv. upplýsingalögum líkt og 3. mgr. 18. gr. ráðgerir. Gjöld eru innheimt af aðila máls vegna aðgangs að gögnum skv. stjórnslulögum og telja SA enn ríkari ástæður fyrir því að innheimta slík gjöld af utanaðkomandi aðilum sem krefjast upplýsinga skv. upplýsingalögum. Með því er bæði staðið undir þeim kostnaði sem hlýst af öflun gagna og jafnframt hvatt til þess að ekki sé óskað eftir gögnum og upplýsingum að óþörfu.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir



Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. maí 2020


Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál. Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á upplýsingalögum í því skyni að bæta og skýra réttarstöðu þriðja aðila, þ.e. þess sem getur átt hagsmuna að gæta af því að veittur verði aðgangur að tilteknum upplýsingum. Samtökin fagna framlagningu frumvarpsins og að verið sé að efla réttarstöðu þriðja aðila. SI gera aftur á móti athugasemdir við orðalag 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins. SI vill að skerpt sé á orðalagi frumvarpsins þannig að það komi skýlaust fram að hin bættu réttarstaða þriðja aðila eigi við um gögn sem varða mikilvæga og virka einkahagsmuni sem og mikilvæga og virka fjárhags- og viðskiptahagsmuni.

Í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins kemur fram orðalagið „...mikilvæga og virka einkahagsmuni annars aðila...“. Samtökin telja mikilvægt að í framangreindum ákvæðum sé jafnframt tekið fram að ákvæðin taki til fjárhags- eða viðskiptahagsmuna, þannig að hin bættu réttarstaða taki ótvírætt til þessa mikilvægu hagsmuna fyrirtækja í landinu. Fyrirtæki afhenda stjórnvöldum margsinnis upplýsingar um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni, t.d. í innkaupum hins opinbera sem fara fram með útboði. Þar af leiðandi er mikilvægt að stjórnvöld leiti ávallt til fyrirtækja áður en þau afhenda gögn sem geta innihaldið upplýsingar um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni. Með þessu er tryggt að fyrirtækjum sé alltaf veitt færi á að koma sinni afstöðu á framfæri um hvort gögn eigi að fara leynt eða hvort heimilt sé að veita aðgang að þeim.

Með hliðsjón af framangreindu telja samtökin það mikilvægt að það komi skýrt fram í 1. gr. frumvarpsins að stjórnvöldum sé skylt að skora á aðila að upplýsa hvort hann telji gögn er varða **mikilvæga og virka einka-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuni** eigi að fara leynt. SI telja jafnframt að í 2. og 3. gr. skuli taka fram: „...veita aðgang að gögnum sem **varða mikilvæga og virka einka-, fjárhags-, og viðskiptahagsmuni** annars aðila...“

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir,
lögmaður



5. maí 2020

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari tíma breytingum (réttarstaða þriðja aðila).

Siðfræðistofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum. Frumvarpinu er ætlað að bæta og skýra réttarstöðu þriðju aðila, þ.e. þeirra sem eiga hagsmuna að gæta af því að aðgangur að tilteknum upplýsingum verði veittur eða takmarkaður. Með því er opinberum aðilum gert skylt að leita eftir afstöðu þriðja aðila til birtingar upplýsinga (sé það ekki bersýnilega óþarft). Þá er úrskurðarnefnd um upplýsingamál gert að senda þriðja aðila afrit af úrskurði um afhendingu upplýsinga auk þess sem þriðja aðila er veittur réttur til þess að krefjast frestunar réttaráhrifa úrskurðar.

Eðli málsins samkvæmt togast hér á mikilvægir hagsmunir og gild sjónarmið. Annars vegar upplýsingaréttur almennings og hins vegar eðlileg krafa um sanngjarna vernd einkahagsmuna.

Verði frumvarpið að lögum má ætla að breytingin verði til þess að þyngja afgreiðslu beiðna um aðgang að upplýsingum og lengja málsmeðferðartíma. Hún mun því þyngja aðgang almennings að upplýsingum og getu fjölmiðla til þess að veita stjórnvöldum aðhald. Að þessu leyti vinnur frumvarpið gegn markmiði nýsamþykktra laga um um útvíkkun gildissviðs upplýsingalaga (lög nr. 72 2019), sem m.a. miða að því að styrkja upplýsingarétt almennings og stytta málsmeðferðartíma.

Í umsögn Siðfræðistofnunar um frumvarp til áður nefndra laga (149. Löggjafarþing 2018-2019, þingskjal 1240 – 780. mál) er bent á að með lögnum væru aðeins stigin varfærin skref að styttingu málsmeðferðartíma í samanburði við reglur sem gilda á öðrum Norðurlöndum og tekið fram að hægt hefði verið að setja metnaðarfyllri markmið. Þá hefur komi fram af hálfu Forsætisráðuneytisins að æskilegt væri að málsmeðferðartími sé mun styttri en nýju lögin heimila. Hætt er við að með því frumvarpi sem hér er til umsagnar verði aftur stigið skref til baka.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

Siðfræðistofnun telur mikilvægt að löggjafinn tryggi með afgerandi hætti að bætt og skýrari réttarstaða þriðju aðila verði ekki til þess að málsmeðferðartími úrskurðarnefndar um upplýsingamál lengist og að afgreiðsla beiðna um upplýsingar á grundvelli upplýsingaréttar almennings tefjist ekki á ómálefnalegum forsendum. Eins og frumvarpið er úr garði gert er það ekki tryggt.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

Páll Rafnar Þorsteinsson,
verkefnastjóri

ÚRSKURÐARNEFND UM UPPLÝSINGAMÁL

Forsætisráðuneytið 101 Reykjavík
postur@for.is

Reykjavík 28. maí 2020
Tilv.: ÚNU20050013/021-10-2

Minnisblað til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚNU) hefur þegar sent stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sjónarmið í tilefni af frumvarpi til breytinga á upplýsingalögum (réttarstaða þriðja aðila), sbr. þingskjal 1095 – 644. mál. Í tilefni af fyrirhuguðum fundi ÚNU með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd telur nefndin rétt að áréttta eftirfarandi sjónarmið í stuttu máli.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að þegar umbeðin gögn varða eða geta varðað mikilvæga og virka einkahagsmuni annars aðila en beiðanda sé þeim sem hefur beiðni til afgreiðslu *skytt* að skora á hann að upplýsa hvort hann telji að þau eigi að fara leynt nema að það sé augljóslega óþarft.

Ef ákvæðið yrði að lögum væri horfið frá þeirri tilhögun sem nú er mælt fyrir um í 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga þar sem gert er ráð fyrir að stjórnvald *geti* skorað á þann sem upplýsingar varða að upplýsa hvort hann telji að þær eigi að fara leynt, áður en það tekur ákvörðun um aðgang að gögnum sem geta varðað einkahagsmuni.

ÚNU telur einsýnt að verði sú breyting sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins að lögum muni erindi sem stjórnvöldum berast á grundvelli upplýsingalaga innheimta aukna vinnu starfsmanna og gera framkvæmd upplýsingalaga bæði flóknari og óskilvirkari. Breytingartillagan felur í sér að í stað þess að stjórnvöldum sé veitt svigrúm til að afla umsagnar þriðja aðila þegar rannsókn máls krefst þess þá verði öflun umsagnar meginskylda sem stjórnvöld geti aðeins vikið frá þegar það er „augljóslega óþarft.”

Af hálfu ÚNU er vakin athygli á því að öflun umsagnar þriðja aðila er nú þegar ein af helstu ástæðum þess að beiðnir almennings um aðgang að upplýsingum tefjast. Rétt er að taka fram að þau gögn sem óskað er eftir aðgangi að geta í vissum tilvikum varðað hundruð, jafnvel þúsundir þriðju aðila. Í þeim málum þar sem stjórnvöld telja þörf á því að afla umsagnar eftir undantekningarreglu 2. mgr. 17. gr. bregður því oftast en ekki við að þriðji aðili dragi að svara stjórnvaldinu með þeim afleiðingum að sú hraða málsmeðferð upplýsingabeidna sem Alþingi hefur stefnt að er fyrir bí.

Í ljósi þessa telur ÚNU einboðið að verði 1. gr. fyrirliggjandi frumvarps að lögum muni það valda enn tíðari og lengri töfum á afgreiðslu erinda á grundvelli upplýsingalaga.

Í 1. tölul. 4. mgr. 15. gr. upplýsingalaga segir að í undantekningartilfellum megi hafna beiðni ef meðferð hennar tæki svo mikinn tíma eða krefðist svo mikillar vinnu að ekki telst af þeim sökum fært að verða við henni. Fyrirséð er að stjórnvöld munu í auknum mæli beita fyrir sig ákvæðinu verði frumvarpið samþykkt og málsmeðferðin þannig þvingd og vinna við afgreiðslu beiðna aukin.

Í frumvarpinu er kveðið á um skyldu ÚNU til að senda þriðja aðila afrit af úrskurðum nefndarinnar ef hagsmunir varða hann. Ástæða þessa er að gefa þriðja aðila færi á að krefjast frestunar réttaráhrifa úrskurðarins en samkvæmt upplýsingalögum hefur málsaðili 7 daga til þess að setja fram slíka kröfu. Sá sem á rétt til aðgangs að upplýsingum samkvæmt úrskurði nefndarinnar getur því þurft að bíða eftir því að fá gögn afhent í 7 daga eða þar til aðili hefur tekið ákvörðun um hvort krafa um frestun réttaráhrifa er lögð fram og lengur ef slík krafa er lögð fram en ÚNU tekur afstöðu til hennar með úrskurði. Hafa ber í huga að 7 daga fresturinn byrjar ekki að líða fyrir en aðila hefur borist afrit úrskurðarins. Það blasir því við að fyrirhuguð breyting mun tefja afgreiðslu gagna sem úrskurðað hefur verið um aðgang að.

ÚNU tekur fram að hún þekkir engin dæmi þess, hvorki hér á landi né í Danmörku eða Noregi, þar sem löggjöf um upplýsingarétt almennings er með áþekktum hætti og héraendis, að stjórnvöld hafi verið dregin til ábyrgðar í formi bótaskyldu eða annarra viðurlaga vegna afhendingar upplýsinga samkvæmt upplýsingalögum. ÚNU bendir í því sambandi á að upplýsingalög hafa að geyma ýmis ákvæði sem takmarka skyldu og heimildir stjórnvalda til að veita upplýsingar samkvæmt lögnum. Þessi ákvæði ásamt þagnarskyldureglum gera að verkum að stjórnvöld eru almennt varfærin gagnvart því að afhenda upplýsingar.

ÚNU áréttar einnig að sambærileg ákvæði um aðkomu þriðja aðila að málsmeðferð stjórnvalds, eins og frumvarpið felur í sér, eru ekki í norrænni löggjöf um upplýsingarétt almennings. Síðastefnda atriðið endurspeglar enn fremur að sjónarmið sem hafa komið fram opinberlega um að þörf sé á breytingum á upplýsingalögum vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, eiga ekki við rök að styðjast.



Hafsteinn Þór Hauksson,
formaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál